

Fundur 5.6.2023 Chi Li Ming dó fyrir 60 árum.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

*Góða kvöldið.*

Framliðinn maður og eru það stór tíðindi þegar slíkt samband kemst á og veit ég að margir af minni þjóð hafa reynt, og það gengið misjafnlega að fá samband við gömlu jörðina og eru það margar og mismunandi hugmyndirnar um framlífið og þjóð mín hefur aðra menningar hefð en vestrænar þjóðir.

Og höfum við því þurft að beygja málflutning okkar eftir því, í en það sem margir vestrænir menn ekki vita er að innan hefðbundinna heimspeki kerfa okkar og trúarstefnu eru ólíkir hópar og deildir ef svo má segja og trúin á mátt forfeðranna er ríkjandi meðal okkar þjóðar.

Og fólk er opið fyrir slíkum áhrifum en útskýrir þau á annan hátt en margir vestrænir menn.

Tala ég úr stjórnusambandsstöð á mínum hnetti og hef ég æfinlega fylgst með því af áhuga þegar ég, ekki gengur að koma orði þessu á ykkar tungumál, það er ekki auðvelt.

En svo ég útskýri þetta í mörgum orðum í staðinn fyrir það eina orð, að það eru margir framlífs hnettir sem þjóð okkar hefur sest á og eru þeir eins og perlufesti, þar sem mismunandi menningar ástand og viðhorf eru ríkjandi og berum við mesta virðingu fyrir forfeðrum okkar sem eru löngu gegnir og hafa öðlast mikla reynslu og visku í gegnum margar jarðvistir.

Og fylgdumst við með því þegar gamall spámaður kom til ykkar í sambandið fyrir rúmlega þremur árum og sagði ykkur spá, sem ræst hefur að nokkru leiti.

Og er hann einn af vitringum okkar, en ekki er hann á þessum hnetti, heldur í þessari keðju og þar nálægt fullkomnuninni þar sem Guðir okkar eru staddir og er ég ekki staddur á þeim hnetti en fylgjumst við með þeim samböndum í þögn og vitum við af því þegar þau tala við gömlu jörðina.

Ekki er svo langt síðan ég fór af minni frumlífs jörð, en það eru þó um það bil 60 ár og væri það áhugavert að rifja upp þau merkilegu umskipti.

Höfum við aldrei á mínum hnetti talað til ykkar áður, en viljum við gjarnan taka þátt í að hjálpa heiminum að komast aftur í jafnvægi eftir umrót sem sett var af stað fyrir nokkrum árum og vil ég segja deili á mér.

Vann ég með Kínverskum stjórnmálamanni, snemma á tuttugustu öldinni, tengdur Zio Kong, vorum við ekki kommúnistar, en komst það stjórnarfyrikkomulag á engu að síður.

Og er ég hér staddur í þjóðfélagsbreytingum á mínum hnetti og erum við að reyna að koma á frjálslyndu stjórnarfari í anda vesturlanda og vann ég í annarri ríkisstjórn annars forseta Kína áður en kommúnista stjórnnin tók við völdum.

Og er ýmislegt af þessu að segja á mínum hnetti en höfum áhyggjur af því að gamla jörðin okkar gangi í gegnum erfiðleika.

Var það mér mikið gleðiefni að komast að því að ég endurlíkamnaðist hér í nýjum líkama og þakkaði það forfeðrunum og komst að því að til hafði verið sú kenning á gömlu jörðinni og það hefðu verið Íslendingar sem fyrstir uppgötvuðu þetta samband.

Og vona ég að samskipti þjóðanna verði betri og sem mest og þjóð okkar á gömlu jörðinni muni taka þátt í lýðræðis umbótum og bægja frá öflum sem vilja ná völdum á jörðinni og er þar tæknin stórt atriði.

Og tekur þjóð mín þátt í því kapphlaupi tækninnar, en er einmitt deilt um þau atriði á okkar framlífs hnetti og fólk skiptist í tvær fylkingar enda er sveita menningin í hávegum höfð og tryggðin við kenningar Lao Tzu og Confusiusar.

Viljum við gjarnan hjálpa til við að koma á friði á jörðinni þar sem mikilvægt er að hin mikla Rússneska þjóð vinni með vesturlöndum að lífstefnu málum og Úkraínsk þjóð og okkar Kínverska þjóð og þarf að sameina þjóðirnar á ný og vinna gegn sundurlyndi.

Verð ég nú brátt að kveðja en ætla ég að segja nafn mitt, Chi Li Ming og hefur það verið heiður að tala til ykkar og væri gaman að segja frá í smáatriðum okkar lífsháttum betur, þakka ég fyrir og óska ykkur alls hins besta og vona að þið komið stefnu þessari áleiðis till meiri vinsælda.

Verið þið sælir.

*Við þökkum fyrir, vertu blessaður.*